



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 1. júlí, 2008

Ákvörðun nr. 43/2008

## **Kaup KEA eigna svf. á Sparisjóði Höfðhverfinga**

### **1.**

Með samrunaskrá mótttekinni 2. júní 2008 tilkynnti KEA eignir svf. Samkeppniseftirlitinu um kaup sín á Sparisjóði Höfðhverfinga (SPSH). Sú skrá þótti ekki fullnægjandi og með bréfi, dags. 3. júní 2008, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir frekari upplýsingum. Viðbótarupplýsingar um kaup KEA á hlutafé SPSH bárust 1. júlí 2008. Framsetning samrunaskrárinnar, ásamt viðbótarupplýsingum, var í samræmi við reglur nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga er það mat Samkeppniseftirlitsins að kaup KEA eigna svf. á Sparisjóði Höfðhverfinga feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. Samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga tekur 17. gr. laganna til samruna þar sem sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er 1 milljarður kr. eða meira.

### **2.**

KEA er samvinnufélag og starfrækir fjárfestingarstarfsemi, þá helst á Norðurlandi en einnig á höfuðborgarsvæðinu. Sparisjóður Höfðhverfinga er sparisjóður í skilningi VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Sparisjóður Höfðhverfinga er minnsti sparisjóður landsins í dag og rekur afgreiðslu í Grenivík.

### **3.**

Fram kemur í samrunaskrá að stjórnir samrunaaðila hafi hugað að því, síðan í október 2007, hvernig KEA eignir svf. megi efla Sparisjóð Höfðhverfinga með auknu eignarfjárframlagi þannig að sparisjóðurinn geti betur tekist á við krefjandi rekstrarumhverfi og samkeppni. Í samrunanum felst engin breyting á núverandi skipan efnahagsreikninga félaganna tveggja.

### **4.**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opin og aðgangur honum hindraður.



Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Telur Samkeppniseftirlitið ekkert í gögnum málsins bera með sér að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist þannig að samkeppni sé hindruð í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Í kaupum KEA eigna svf. á stofnfé í Sparisjóði Höfðhverfinga felst samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson